

Píratar

Efni: Spurningar til framboða stjórnmaflokka fyrir Alþingiskosningar 2021

1. Hversu mikla áherslu ætlið þið að leggja á réttindi barna og Barnasáttmálann, sem og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna ef þið komist til áhrifa?

Við höfum lengi lagt mjög mikla áherslu á réttindi barna og Barnasáttmálann. Píratar hafa verið með tillögu um löggildingu 3. valfrjálsu bókun SP um barnasáttmálann - sem var aldrei samþykkt af ríkisstjórn þangað til núverandi barnamálaráðherra bætti því við í stefnu sína um málefni barna. Við höfum lagt fram breytingar á kosningalögum um kosningarétt fyrir 16 ára og eldri því aðalnámskrá grunnskóla segir að loknum grunnskóla séu börn með hæfni til þess að taka fullan þátt í lýðræðissamfélagi. Barnasáttmálinn er skýr hvað varðar réttindi barna til þátttöku á hæfniforsendum.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna leggja okkur lágmarksmarkmið. Við ættum alltaf að stefna að því að gera betur.

2. Hvernig getur menntakerfið komið betur en nú, til móts við börn með mismunandi styrkleika og þarfir og stuðlað að fjölbreyttri menntun og kennsluaðferðum?

Betri fjármögnun, menntun kennara og mönnun í skólum. Við viljum styrkja tekjustofna sveitarfélaga þannig að það sé grundvöllur fyrir gæðastarfi innan skóla. Ekki bara fyrir meðalbarnið heldur fyrir fjölbreytileika mannlegs samfélags.

3. Hvernig ætlið þið að tryggja að þjónusta við börn verði ekki skorin niður í kjölfar Covid-19?

Með því að fjárfesta í nýsköpunarlandinu Íslandi. Ísland er ríkt land og efnahagsniðursveifla jafnar sig fyrir en síðar. Við þurfum bara þolinmæði og að þora að fjárfesta í framtíðartækifærum. Þannig komumst við hjá niðurskurði því við getum sýnt fram á að sú fjárfesting skilar sér og gott betur.

4. Hvaða leiðir ætlið þið að fara til að stytta biðlista og greiningaferli eftir þjónustu t.d. fyrir fötluð börn og börn með geðrænan vanda?

Píratar standa vörð um vernd og eflingu borgararéttinda. Það er þungamiðjan í grunnstefnu flokksins sem öll okkar störf og stefnur hvíla á. Við gefum ekki afslátt af réttindum fólks. Mögulega eru mannlegar hindranir, takmarkaður fjöldi fólks sem getur sinnt þessum verkefnum á faglegan hátt - sem þýðir þá að við verðum að efla menntun og mönnun í málaflokknum.

5. Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að framfylgja þeim kerfisbreytingum sem barnamálaráðherra hefur sett af stað og nýta þær?

Með því að framfylgja þeim á faglegan hátt, sem Píratar hafa alltaf lagt mikið upp úr í sínum störfum. Verkefni þar eru mörg og mismunandi. Það þarf bara einfaldlega að ganga í þau verk.

6. Hvernig getur Ísland verið í fremstu röð í þróunarsamvinnu?

Með meiri þátttöku. Tækifærin þar eru mörg og það skortir bara frumkvæði.

Með því að vera leiðandi á ákveðnum afmörkuðum sviðum, líkt og við gerðum í Mannréttindanefnd Sp. Þar getum við nýtt rödd okkar vel umfram stærð. Við getum t.d. orðið leiðandi á sviði nýsköpunar og loftslagsmálum. Unnið í hlutum tengdu jafnrétti, sjávarútveg, hinsegin málum – við þurfum ekki reyna að vera best í öllu heldur einbeita okkur í því sem við erum best.

Svo eigum við að auka vinnu í gegnum frjáls félagasamtök frekar en beina þróunarsamvinnu. Virkja atvinnulífið enn frekar en þegar er gert. Auka samvinnu við önnur lönd, t.d. Norðurlöndin og ná þannig fram enn meiri áhrifum.

Svo að sjálfsögðu á næsta ári að fjármagna COVID-19 bólusetningar í þróunarlöndum – og á léttari nótum er auðvitað nauðsynlegt að kjósa Gísli Rafn Ólafsson, 2. sæti Pírata í Suðvesturkjördæmi, á þing. Við fullyrðum að enginn frambjóðandi hefur víðtækari reynslu af mannúðar,- þróunarsamvinnu- og hjálparstarfi en Gísli Rafn sem myndi koma að góðum notum á Alþingi.

7. Hvaða leiðir teljið þið að þurfi að fara til að efla þátttöku barna í öllum ákvörðunum sem þau varða og til að koma í veg fyrir að börnum sé mismunað á grundvelli mismunandi menningarbakgrunns, fjárhagsstöðu foreldra og fleira?

Það þarf að efla samráð alls staðar og ekki síst í málefnum barna. Stefna Pírata í málefnum ungs fólks leggur einmitt mikið upp úr slíku samráði, þar sem m.a. er talað um mikilvægi þess að lækka kosningaaldur og setja á fót virkan samráðsvettvang stjórnvalda og ungs fólks. Aðstaða yngri kynslóða hefur orðið mun erfiðari á undanförunum árum í samanburði við fyrri kynslóðir. Við þurfum að gera betur á fyrstu árum barna til þess að auka lífsgæði þeirra og minnka álag.

Þá eru Píratar jafnframt með fjölmenningsstefnu sem nær til menntakerfisins og margvíslegar jafnréttisstefnur sem miða að því að auka veg og virðingu alls fólks. Píratar trúa því nefnilega sem segir í sjálfri grunnstefnu flokksins: Réttindi allra eru jafn sterk og þess vegna leggja Píratar áherslu á að vernda hina valdaminni fyrir þeim valdameiri.

8. Hvernig á að/ætla flokkurinn að minnka áhrif loftslagsbreytinga og þannig tryggja velferð barna og framtíð þeirra?

Píratar eru með metnaðarfullar áætlanir í loftslagsmálum eins og sýndi sig í mati ungra umhverfissinna (<https://solin2021.is/>). Þar fengu Píratar hæstu einkunn allra flokka í þessum málum. Píratar voru einnig með bestu stefnuna í loftslagsmálum fyrir kosningarnar 2017 og við höfum því lengi haft einlægan metnað til að gera vel í þessum málaflokki.